Erasmus+ styrkur til starfsnáms í Evrópu

Erasmus+

Opnar hugann, auðgar líf

Menntaskólinn í Kópavogi

Fjármagnað af Evrópusambandinu

Af hverju Erasmus+ starfsnám?

Erasmus+

🌍 **Lifðu og starfaðu erlendis**

- Upplifðu nýtt land, nýja menningu og nýjan lífsstíl á meðan þú lærir í þínu fagi.

💼 **Styrktu ferilskrána þína og tengslanet**

- Erlend starfsreynsla styrkir ferilskrá og þú eflir tengslanet með því að kynnast fólki allstaðar að úr heiminum.

🗣️ **Bættu tungumálakunnáttu**

- Fáðu tækifæri til að nota ensku eða önnur tungumál í raunverulegum aðstæðum á hverjum degi.

🚀 **Öðlastu sjálfstæði og sjálfstraust**

- Að skipuleggja og fara í starfsnám erlendis er reynsla sem eflir þig bæði persónulega og faglega.

💰 **Fáðu Erasmus+ styrk**

- Erasmus+ styrkur hjálpar til við að standa straum af kostnaði vegna ferðar og dvalar.

✈️ ***Ævintýri sem þú manst alla ævi***

- Margir nemendur lýsa Erasmus+ sem einni af bestu reynslum námsáranna.

Hvað er Erasmus+ starfsnám?

- Það er tækifæri fyrir verknámsnema í MK til að fara og vinna í sínu fagi erlendis á Erasmus+ styrk.
- Nemar velja tímabil og hvert þeir vilja fara.
- Hægt er að vera í kringum 6-12 vikur.
- Lönd innan Evrópusambandsins eru í boði.
- Alþjóðafulltrúi tekur við umsóknum allt árið um kring en styrkjum er úthlutað á haustönn ár hvert.

Hverjir geta farið á styrk?

- Verknámsnemar sem eru á samningi eða í námi í MK geta sótt um að fara í starfsnám.
- Hægt er að fara á styrk á meðan námi stendur eða í 1 ár eftir útskrift (og ferðin verður að rúmast innan þess tíma).
- Nemi verður að vera orðinn 18 ára til þess að fara.

Hvernig get ég sótt um?

- Ferlið skiptist í þrennt:
  - Umsóknarferli
  - Vinnustaðaleit
  - Samningur og starfsnám

- Fyrsta skrefið er að senda tölvupóst á Elísabet alþjóðafulltrúa á netfangið utlond@mk.is og láta vita af sér.
  - Það er gott að það komi fram nafn nema, í hvaða fagi og á hvaða ári þið eruð.

1. Umsóknarferli

- Mikilvægt er að nemendur taki virkan þátt í undirbúningnum og vinni sjálfstætt að skipulagningu starfsnámsins.
  Nemendur þurfa að:

1. Velja í hvaða landi innan Evrópu þeir vilja fara í starfsnám.
2. Ákveða hvaða tímabil hentar best fyrir starfsnámið.
3. Útbúa ferilskrá (CV) á ensku.
4. Skrifa kynningarbréf (Cover Letter) á ensku.
5. Gera lista yfir að minnsta kosti 10 vinnustaði sem þeir hafa áhuga á að sækja um hjá. Á þessum lista skal koma fram:
   - Nafn vinnustaðar, netfang, nafn yfirmanns.

Forgangsröðun umsókna

- Ef fleiri umsóknir berast en hægt er að sinna verður stuðst við eftirfarandi forgangsröðun:
  - Nemendur sem hafa útskrifast nýlega eða eru á þriðja ári.
  - Nemendur á öðru ári.
  - Nemendur á fyrsta ári.
- Aðeins er hægt að fara einu sinni á Erasmus+ styrk á meðan námi stendur í MK

2. Vinnustaðaleit

- Þegar nemandi hefur fengið samþykki fyrir þátttöku í Erasmus+ starfsnámi hefst leit að vinnustað.
- Annað hvort nemi eða alþjóðafulltrúi sendir ferilskrá og kynningarbréf á vinnustaðina á listanum.
- Mælt er með að senda umsóknir á um það bil þrjá staði í einu.
- Ef svör berast ekki innan hæfilegs tíma er haldið áfram að senda á næstu staði á listanum.
- Ferlinu er haldið áfram þar til vinnustaður hefur staðfest að hann geti tekið á móti nemandanum.

Staðfesting og styrkur

- Þegar staðfesting frá móttökustað er komin þá er hægt að reikna út Erasmus+ styrkinn.

- Styrkupphæðin fer meðal annars eftir:
  - áfangastað
  - lengd starfsnáms
  - gildandi reglum Erasmus+

3. Samningur og starfsnám

Þegar starfsnám hefur verið staðfest og styrkupphæð ákveðin er gerður samningur milli nemandans og skólans.

Mikilvægt er að nemandi telst ekki skuldbundinn til ferðarinnar fyrr en samningurinn hefur verið undirritaður.

Eftir undirritun samnings:

- Hefur nemandi formlega skuldbundið sig til þátttöku.
- Ekki er hægt að hætta við nema sérstakar og veigamiklar ástæður komi upp.
- Hægt er að bóka flug og gistingu.
- Erasmus+ styrkurinn er greiddur til nemandans samkvæmt gildandi reglum.

Samningar og skjöl

Á meðan á starfsnámi stendur er mikilvægt að hafa í huga:

Nemandi fær afhent nokkur mikilvæg skjöl sem þarf að:

- taka með sér í ferðina,
- láta fylla út eftir þörfum á vinnustaðnum,
- varðveita á meðan starfsnáminu stendur.
- Þegar starfsnámi lýkur skal nemandi skila öllum nauðsynlegum gögnum til skólans.

Hlökkum til að heyra frá ykkur

- Allar frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá:

Elísabet Björnsdóttir
utlond@mk.is
Skrifstofa á fyrstu hæði í N-álmu (á móti stofu N102)